

Námsval í 9. - 10. bekk 2013-2014

Til nemenda í 9. - 10. bekk og foreldra/forráðamanna þeirra

Hér er fjallað um valkerfi Sunnulækjarskóla á unglíngastigi sem gildir fyrir skólaárið 2013-2014.

Þegar nemandi hefur nám í 9. eða 10. bekk Sunnulækjarskóla verða talsverðar breytingar á tilhögun náms frá því sem verið hefur. Það sem einkennir námið í þessum bekkjum er aukið námsval sem gerir nemendum kleift að velja sér námsgreinar og læk (námsbraut) við hæfi eftir áhuga og í samræmi við framtíðarmarkmið.

Valgreinar í 9.-10. bekk eru ýmist verklegar eða bóklegar og vonandi finna flestir nemendur eitthvað við sitt hæfi. Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið íþróttaiðkun eða nám, t.d. við tónlistarskóla eða myndlistarskóla metið sem nemur tveimur kennslustundum á viku.

Ekki er víst að við getum alltaf orðið við ýrtruðu óskum nemenda um val og mun þá næsti valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

Við bendum sérstaklega á að val nemenda er bindandi.

Hvernig veljum við?

1. Nemendur sem hefja nám í 9. - 10. bekk byrja á því að velja eina námsbraut - **einn LÆK** af þremur á valblaðinu. Þar með binda nemendur fjóra tíma af átta valtímum (sjá fög undir lækjarheiti). Þetta er það sem við köllum bundið val. Mikilvægt er að velja LÆK í ljósi áhuga eða framtíðarmarkmiða í námi.

2. Næst velja nemendur fjórar valgreinar sem eru fjórar kennslustundir á viku í óbundnu vali.

Ath. að nemandi stundar tvær valgreinar fyrir áramót og tvær eftir áramót.

3. Þeir nemendur sem stunda annað nám samhliða skólanum s.s. tónlistar- eða íþróttanáms geta fengið það metið sem valgrein. Skila þarf inn til skólans staðfestingu á náminu. Eyðublöð má nálgast hjá ritara.

Valið er bindandi — svo vandið valið

Málalækur - bundið val

Íslenska:

Markmiðið er að nemendur sem þess óska fái meira krefjandi verkefni en þau sem boðið er upp á í almennum kennslustundum í íslensku.

Áhugi er vakinn á lestri góðra bóka og stuðlað að sjálfstæðum lestri nemenda í fagurbókmenntum. Fjallað verður um áhrif bókmennta og tilfinningar sem þær vekja. Leitast verður við að efla skilning nemenda á fagurbókmenntum og sjálfstæðri túlkun þeirra .

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Enska:

Markmiðið er að nemendur sem þess óska fái meira krefjandi verkefni en þau sem

boðið er upp á í almennum kennslustundum í ensku.

Áhugi er vakinn á enskri menningu og lestri góðra bóka. Nemendur vinna ýmis einstaklings- og hópverkefni.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Samfélagsfræðilækur - bundið val

Saga:

Leitast er við að breikka sögusviðið þannig að auk stjórn mála sé vikið að öðrum þáttum mannlífs og menningu í víðri merkingu. Við munum huga að siðum og trú, hugarfari og hugmyndastefnum, efnahag og umhverfismálum, félagslegum málum hverskonar og þar á meðal sögu fjölskyldu, kynja og barna.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Landafræði:

Markmið kennslu í landafræði er að auka vitund nemenda á umhverfi, samfélagi og menningu frá nálægasta sviði til hinna fjarlægari. Landafræði fjallar um legu, útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi.

Kennsluefni: Valið ljósritað efni og ýmsar heimildir af bókasafni og af netinu.

Raungreinalækur - bundið val

Í Raungreinalæk verður unnið með vistfræði, eðlisfræði og efnafræði. Leitast við að gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína og vinna að áhugasviðsverkefnum.

Líffræði: Fjallað verður um umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og vistfræði og rýnt verður í okkar nærumhverfi. Fjallað verður um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi með áherslu á nýtingu auðlinda. Samvinna af ýmsu tagi er í bland við einstaklingsvinnu.

Eðlis- og efnafræði: Fjallað um efnabreytingar og tilraunir framkvæmdar.

Stærðfræði

Nemendur vinna með ýmsar þrautir og verkefni sem ýta undir rökhugsun.

Kennsluefni: Valið efni og ljósrit og einnig efni af netinu.

Óbundið val

Hár og förðun

Námslýsing: Nemandinn kynnist helstu aðferðum og efnum sem notuð eru við hárvott og hárnæringu og fræðist um ph-gildi hárs. Hár skoðuð í smásjá. Nemandi þjálfast í að hanna og útfæra hárgreiðslur og kynnist mismunandi tímabilum í sögu hársins og læri að útfæra eftir ljósmyndum og tímaritum.

Þróun hártísku skoðuð og hvað einkennir stílbrigði ólíkra tímabila. Farið verður í vettvangsferð á hárgreiðslustofu. Nemendur læra verklag við einfalda förðun og rétt val á hreinsivörum og andlitskremum.

Táknmál

Námslýsing: Íslenska táknmálið er fyrsta mál um 300 Íslendinga og er stór hluti af menningu samfélags heyrnalausra hér á landi. Stafrófið verður kennt sem er

undirstaða í táknmáli. Nemendur læra einnig að bjarga sér á íslensku táknmáli við einfaldar aðstæður. Auk þess verður menning og saga heyrnalausra kynnt fyrir nemendum.

Myndlist og málun

Námslýsing: Unnið verður m.a. með uppstillingu, hlutateikningu, lita- og formfræði. Áhersla lögð á ferilvinnu (skissugerð, hugmyndavinnu, þróun verkefnis og tengsl við listasögu). Einnig unnið með olíuliti á striga, leir og glerunga. Áhersla lögð á að kynna nútímalist.

Stuttmyndagerð

Námslýsing: Farið í undirstöðuatriði í gerð stuttmynda.

Smíði

Námslýsing: Lögð verður áhersla á þróun hugmynda. Notaður verður fjölbreyttur efniviður s.s. ýmis konar timbur, málmar o.fl. Reynt að gefa hverjum nemanda frjálssar hendur í verkefnavali.

Heimilisfræði

Námslýsing: Farið verður í helstu matreiðslu- og bakstursaðferðir, næringu og hollustu. Nemendur fá innsýn í matreiðslu veislumatar.

Heilsa og hreyfing

Námslýsing: Meginviðfangsefni er hreysti og hreyfing.

Tímar eru ýmist verklegir og/eða bóklegir. Farið er yfir hollustu og heilbrigði.

Leir og mosaik

Námslýsing: Unnið með leir og glerunga.

Bókmennta- og kvikmyndagagnrýni

Námslýsing: Nemendur lesa saman bækur og horfa á myndir með gagnrýnni hugsun. Þetta verða nokkurs konar leshringir þar sem allir lesa bók og ræða síðan um hana. Einnig verður horft á bíómyndir og fjallað um þær.

Íþróttir og útivist

Námslýsing: Meginviðfangsefni áfangans er fjölbreytt líkamsrækt.

Tímar eru ýmist verklegir og/eða bóklegir. Farið er yfir reglur í helstu íþróttagreinum. Kennt er í íþróttahúsinu og nánasta umhverfi þess.

Textíl

Námslýsing: Nemendur nýti sér áunna þekkingu í textíl og velji sér verkefni eftir áhugasviði.

Verkefni geta verið margvísleg s.s. í þrjóni, hekli, útsaumi og vélsaumi.

Á önninni verður fléttaður inn ýmis fróðleikur er tengist greininni. Þar má nefna litun og málun efna, meðferð textílefna, íslensk nútímahönnun og tíska fyrr og nú.

Textíl – fatasaumur

Námslýsing: Nemendur kynnast grunnatriðum í máltöku og sníðavinnu. Kennst verður að taka sníð upp úr sníðablöðum og einföld flík saumuð. ATH. Velji nemandi fatasaum gildir það val bæði fyrir og eftir áramót.

Ljósmyndun

Námslýsing: Farið verður í að læra á það sem tengist ljósmyndun og hugmyndir nýttar sem upp koma. Reynt verður að vinna útfrá hugmyndum nemenda.

Tálgað í tré

Námslýsing: Kynntar nokkrar viðartegundir, stofn trjáa, kvistir, börkur, rysja, mergur, vorvöxtur, sumarvöxtur og svo framvegis. Kennð örugg vinnubrögð við að tálga tré með hníf. Vinna húsgögn úr tré, kynnast samsetningu viðar úr þurrum við í ferskan við.

Skólablað / fjölmiðlun

Námslýsing: Gefið verður út blað á vegum skólans og nokkur smærri fréttablöð á tímabilinu. Markmiðið er að nemendur fái reynslu í að gefa út blöð og leita fréttu úr samfélaginu. Einnig væri möguleiki að halda úti fréttum á heimasíðu skólans.

Útivist

Námslýsing: Í útiveru klæða allir sig eftir veðri. Farið verður í gönguferðir, hjólaferðir, sundferðir, leiki o.fl. Nemendur búa til ratleiki. Reynt verður að vinna útfrá hugmyndum nemenda.

Teflum saman

Námslýsing: Nemendur læra undirstöðuatriði í taflum. Taflmót sett upp o.fl.

Spilum saman

Námslýsing: Nemendur spila á margvísleg spil saman.

Hugmyndir og hönnun

Námslýsing: Frá hugmynd til útfærslu. Unnið eftir hugmyndum nemenda og þarfagreiningum.

Félagsmálaval

Námslýsing: Farið í að skipuleggja viðburði og finna út hvaða atburðir henta hverjum. Fá innsýn í að vera leiðtogi. Þjálfun í mannlegum samskiptum.

Fjármálalæsi

Námslýsing: Við viljum vekja þau til umhugsunar um peningana sína og hvernig sé best að fara með þá, réttindi þeirra á vinnumarkaði og það hvernig fjármálaheimurinn virkar í grunninn.

Hljóð-, mynd- og kvikmyndavinnsla

Námslýsing: Farið í grunnatriði er varðar kvikmyndir, ljósmyndir, hljóð o.fl. Unnið með tónlist, myndir og tölvur.

Leiklist

Námslýsing: Er ætlað nemendum sem hafa áhuga á leiklist. Þar er farið í ýmsa þætti er varða leiklist og uppsetningu á leikriti.

Dans

Námslýsing: Áhersla lögð á funkdans, freestyle, jassballett og fleiri dansstíla. Dansað verður eftir skemmtilegum og vinsælum lögum. Markmiðið er að nemendur kynnist ólíkum dansstílum og öðlist hæfni í að greina mismunandi stíla. Fáir kennslu í jassballett með áherslu á fjölbreytileikann sem í honum felst.

Umferðafræðsla

Námslýsing: Er ætlað nemendum til að læra umferðareglur og þjálfa sig fyrir ökunám í framtíðinni.

Franska

Námslýsing: Kennd verða undirstöðuatriði tungumálsins þar sem mikil áhersla er lögð á framburð og hlustun. Nemendur fá að kynnast lítillega franskri menningu og frönskumælandi löndum. Milljónir íbúa heims tala frönsku.

Nánari upplýsingar veita:

Aðstoðarskólastjóri: Þóra Björk Guðmundsdóttir thora@sunnulaek.is	Deildastjóri eldra stigs: Hermann Örn Kristjánsson hermann@sunnulaek.is	Námsráðgjafi: Jóhanna Einarsdóttir johannae@sunnulaek.is
--	---	--